

L Ö G

um breyting á lögum nr. 59 frá 20. nóv. 1964, um heimild fyrir ríkisstjórnina til að taka innlent lán.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. gr. laganna orðist svo:

Fjármálaráðherra er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að gefa út til sölu innlands ríkisskuldabréf eða spariskírteini að upphæð allt að 150 millj. kr.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 4. maí 1965.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Gunnar Thoroddseñ.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 36 15. maí 1964, um breytingu á lausaskuldum iðnaðarins í föst lán.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í stað orðanna „á árunum 1957—1962, að báðum árum meðtöldum“ í 1. mgr. 1. gr. laganna komi: fram til ársloka 1963.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 8. maí 1965.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Jóhann Hafstein.